

ingin 5 daga einfalt fangelsi, hæfilega ákveðin í undirdóminum. Þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undirdómsins um ómerking hinna átöldu meiðyrða svo og málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta undirdóminn í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Aðaláfrýjandi, Sigurður Hjörleifsson, greiði stefnda, Jóni Stefánssyni, málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 2/1908: I. Gautesen sjálfs sín vegna og  
f. h. I. An. Christensen o. fl. í Haugesund  
gegn  
Stjórn ábyrgðarfélags þilskipa við  
Faxaflóa, Tr. Gunnarssyni o. fl.

D ó m u r:

I norðan-stórviðri hinn 19. febr. 1907 að kvöldi tók gufuspípið »Mod« frá Haugesund, sem lá á Reykjavíkurhöfn, að reka fyrir akkerum sínum, unz það rakst

á Faxaflóagufubátinn »Reykjavík«, sem lá sunnar á höfninni aftan undan »Mod«. Rakst »Mod« hvað eftir annað á »Reykjavík«, braut stefnið á gufubátnum, borðstokkinn og yfirbygginguna á nokkrum stöðum; bakborðsfesti »Reykjavíkur« lenti í skrúfu »Mods« og slitnaði, og loks kom svo, að skipstjóra á »Reykjavík« þótti ekki annað fært en að sleppa hinni akkerisfestinni og setja skipið á land. Lenti það í stórgrýtisurð við Battarið og varð þar að algjörðu strandi, en »Mod«, sem þá var búið að slíta aðra akkerisfestina og sleit nokkra síðar einnig hina festina, komst út fyrir skipaleguna á höfninni og hélt sér þar við þar til að veðrinu slotaði undir morgun.

Gufubáturinn »Reykjavík« var váttrygður gegn sjávarháaska hjá Þilskipaábyrgðarfélagi við Faxaflóa fyrir 24,000 kr., sem félagið hefir greitt eigendum bátsins, Friðrikssen & Co. í Mandal. Leit stjórn Þilskipaábyrgðarfélagsins svo á, að gufuskipið »Mod« hafi átt alla sök á skiptjóni þessu, þannig að skipstjóri þess, eigendur og útgjörðarmenn eigi að bera alla ábyrgð á því að endurgjalda félaginu tjón það, er það hefir beðið við strand »Reykjavíkur«. Höfðuðu því stjórnendur félagsins mál fyrir gestarétti Reykjavíkur á hendur skipstjóranum á nefndu skipi I. Gautesen sjálfum og fyrir hönd eigenda og útgjörðarmanna skipsins Ivar An. Christensen o. fl. í Haugesund til skaðabóta, og lauk því máli svo hinn 5. sept. f. á., að I. Gautesen var dæmdur til að greiða Þilskipaábyrgðarfélaginu sjálfs sín vegna og fyrir hönd nefndra eigenda og útgjörðarmanna skipsins 22314 kr. 31 e. með 5% vöxtum frá 23. maí 1907 til borgunardags og 100 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir I. Gautesen fyrir eigin hönd og fyrir hönd I. An. Christensen o. fl. í Haugesund skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 7. jan. þ. á. og hefir hann krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum Þilskipaábyrgðarfélagsins og það dæmt í málskostnað eftir mati réttarins. Hinir stefndu stjórnendur Þilskipaábyrgðarfélagsins hafa á hinn bóginn krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn I. Gautesen verði sjálfs sín vegna og fyrir hönd Ivar An. Christensen o. fl. dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Gufuskipið »Mod,« sem er 397<sup>86</sup>/<sub>100</sub> tons netto að stærð, kom á Reykjavíkurhöfn hinn 14. febr. 1907 í góðu veðri og lagði löggildur hafnsögumaður því í hægum suðvestan vindi fyrir 30 faðma keðju á bakborðsakkeri og 20 faðma keðju á stjórnborðsakkeri, og tjáði hafnsögumaður æðri stýrimanni, sem hafði á hendi stjórn skipsins eða stjórnaði því eftir nánari fyrirsögn skipstjórans, sem var undir þiljum, veikur í fæti, að ef nokkuð yrði að veðri, skyldi meira gefið út af keðjum, til þess að lega skipsins á höfninni væri trygg. Næstu daga fór veður versnandi og blés vindur af ýmsum áttum, svo að skipið snerist fyrir akkerum sínum, og við það flæktust festar skipsins eða krosslögðust, en þótt veður versnaði var að eins bætt 10 föðmum á stjórnborðsakkeri, svo 30 faðmar voru úti á hvoru akkeranna, er skipið tók að reka að kvöldi hins 19.; þar á móti voru akkerisfestarnar ekki greiddar eða akkerunum hagrætt eftir vindi. Áfrýjandi heldur því nú fyrst fram, að mál

Þetta hafi verið höfðað of snemma af ábyrgðarfélaginu, því stefndu hafi ekki greitt ábyrgðarupphæðina fyrir en 23. maí f. á., en þar eð stjórn ábyrgðarfélagsins hafði áður en málið var höfðað í undirrétti viðurkennt ábyrgðina gagnvart eigendum »Reykjavíkur« og skuldbundið sig til að greiða ábyrgðarupphæðina samkvæmt lögum félagsins, þá verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að ekki beri að taka kröfu áfrýjanda til greina um sýknun að svo stöddu.

Svo sem fram hefir verið tekið lá gufubáturinn »Reykjavík« óveðursdaginn aftur undan »Mod;« hafði »Reykjavík« hinn 17. febr. komið úr ferð og lagst á höfnina suður frá »Mod« til hliðar stjórnborðs megin, en þegar vindur gekk í norður lá gufubáturinn beint aftur undan »Mod.« Heldur áfrýjandi því fram, því til réttlætningar, að festar á akkerum »Mod's« voru ekki lengdar samkvæmt fyrirlagi hafnsögumannsins, er veður tók að versna, að »Reykjavík« hafi lagst svo nærri »Mod,« að ekki hafi verið svifrúm til að gefa meira út af lestunum, en þessi afsökun er ekki á rökum byggð, því með framburði hafnsögumanna, óæðra stýrimanns á »Mod« og annara vitna er það fullsannað, að »Reykjavík« hafi lagst í nægri fjarlægð frá »Mod« og að skip þetta hafi haft nægilegt svifrúm til að gefa út af festum sínum svo sem þörf var á, til að liggja örugt á höfninni, en áfrýjandi hefir enga afsökun komið með fyrir því, að akkerisfestarnar voru ekki greiddar eða akkerin færð til eftir vindstöðunni; en að liggja fyrir tveim akkerum með flæktar eða krosslagðar festar er eftir framkomnum skýrslum í reyndinni sama sem að liggja fyrir að eins einu akkeri en það er talið ótíðlegt og ófor-

svaranlegt og tíðkast ekki á Reykjavíkurhöfn, er um skip er að ræða á stærð við »Mod.« — Þá heldur áfrýjandi því fram, að »Reykjavík« hafi óveðursnóttina verið skyld til að flytja sig úr stað og hafi með því að gera það ekki losað áfrýjanda við alla skaðabótaskyldu, en eins og þegar hefir verið tekið fram er það sannað, að »Reykjavík« hefir lagst í nægilegri fjarlægð frá »Mod,« og hafði hún þá enga skyldu til að flytja sig, enda hafði »Reykjavík,« sem lá nær landi en »Mod,« fulla ástæðu til að gera ráð fyrir að »Mod« mundi sleppa festum frá sér og fara út af skipalegunni, þegar það var komið á rek, sem það gat ekki stöðvað.

Samkvæmt framansögðu verður yfirdómurinn að fallast á þá skoðun gestaréttarins, að stjórnandinn á »Mod« hafi átt alla sök á því, að gufubáturinn »Reykjavík« varð að strandi, og að sök hans sé svo vaxin, að skipstjórinn eigendur og útgerðarmenn skipsins eigi að bera alla ábyrgð á því tjóni, sem af strandinu hefir hlotist, og þar sem málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi dómur skal vera óraskaður.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn I. Gautsen sjálfs sín vegna og fyrir hönd eigenda og útgerðarmanna gufuskipsins »Mod« Ivar An. Christensen o. fl. í Haugesund hinum stefndu stjórnend-

um ábyrgðarfélags þilskipa við Faxaflóa, Tryggva Gunnarssyni, Magnúsi Magnússyni og Jóni Jónssyni 50 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga aðför.

Mánudaginn hinn 6. júlímánaðar.

Nr. 48/1906:

P. Flannery af hendi sjálfs sín og  
fyrir hönd Victor Steam Fishing  
Company L'dt Grimsby

gegn

Felix Guého f. h. sjálfs sín og  
J. Pomellec.

Dómur:

Hinn 14. marz 1906 rakst gufuskipið »St. Lawrence«, botnvörpungur frá Grimsby, sem áfrýjandinn var skipstjóri á og gert var út af ofan nefndu félagi í Grimsby, á seglskipið »Louise«, fiskiskip frá Benic, sem stefndi Felix Guého var skipstjóri á, en gjört var út af J. Pomellec í Benic, en skipin voru þá stödd á Reykjavíkurhöfn. Urðu skemdir nokkrar á báðum skipunum af árekstrinum og hefir skaðinn á »Louise« verið metinn af dómkvöddum mönnum 975 kr., en skaðinn á »St. Lawrence« 810 kr. 89 a. Höfðaði stefndi mál gegn áfrýjanda fyrir gestarétti Reykjavíkur til þess að fá hann og útgerðarmenn »St. Lawrence« dæmda til að